



## ● EL – Klórhreinsiefni - tvívirkt

**Eiginleikar:** Efnið inniheldur um 5% styrkleika af klór. Klórhreinsiefnið er sterkt sóttþreinsandi efni og er notað í matvælaíðnaði, fiskiskipum, sundlaugum, íþróttahúsum og víðar. Efnið er tvívirkt þ.e. bæði hreinsar og sóttþreinsar. Það bleikir einnig og eyðir ólykt. Efnið er hábasískt kvoðuhreinsiefni til daglegra nota í matvælavinnslum. Myndar öfluga froðu með góða viðloðun og vætingu sem eykur þvottahæfnina. Hreinsar vel fitu, prótein og önnur óhreinindi.

**Innihald:** Vatn, Natríum Hypóklórít, Natríumhydroxíð, kalíum hydroxíð, jónísk og ójónísk yfirborðsvirk efni og tæringarverjandi efni. pH gildi: ~14 í óþynntri lausn og 12,5 í 1% lausn. Lausnin er tær, gulur vökví.

**Notkun:** Öflugt efni sem hentar vel til hreinsunar á vinnslusölum, plastbökkum, kössum, körum og þeim flötum sem þola klórhreinsiefni. Getur hentað í kvoðuhreinsikerfi og kvoðudælur. Má einnig nota með burstum og öðrum áhöldum þar sem dælum verður ekki viðkomið. Má nota á vélar, veggi og gólf sem þola hábasísk efni og klór. Ekki er mælt með notkun efnisins á ál eða aðra léttmálma og þá aðeins í mjög þynntri blöndu og skolist fljótt af.

**Leiðbeiningar:** Blandist í hlutföllunum 1-5% allt eftir notkun og óhreinindum. Geymist best á köldum og dimmum stað í upprunalegum umbúðum.

**Athugið:** Efnið er þróað á Íslandi með tilliti til eiginleika íslenska vatnsins með þvottahæfni og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

**Varnaðarmerki, hættusetningar (H) og varnaðarsetningar (V):**



**H 31** – Myndar eittraða lofttegund í snertingu við sýru (myndar klórgas).

**H 34** –Ætandi. V2 - Geymist þar sem börn ná ekki til.

**V 26**- Berist efnið í augu skal strax skola vandlega og leita læknis.

**V 28**- Berist efnið á húð skal strax þvo með miklu af vatni.

**V 36/37/39** – notið viðeigandi hlífðarfatnað, hanska og hlífðargleraugu / andlitsgrímu.

**V 45**- Leitið umsvifalaust læknis ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingar ef unnt er.

**V 50**- Má ekki blanda með öðrum efnum og lífshættulegt að blanda með súru efni.

**V 61**- Forðist losun út í umhverfið. Athugið sérstakar ráðleggingar í öryggisblaði.